

## Kerfishögun í nýju bókasafnskerfi

Í kerfishögun nýs bókasafnskerfis verður reynt að taka mið af kostum þess að vera í einu kerfi ásamt því að tryggja eftir fremsta megni að upplýsingar um lánþega, útlán og fleira í einstökum söfnum verði einungis aðgengilegar þar.


Í Sierra er lagt upp með kerfisuppsetningu sem byggir á þremur aðskildum undirkerfum. Þau er tengd saman með regnhlíf sem sameinar upplýsingar um titla og eign bókasafnanna ásamt því að auðvelda samnýtingu safnkostsins. Upplýsingar flæða ekki á milli þessara þriggja undirkerfa. Innan þeirra eru ýmsar varnir til að lágmarka sýnileika upplýsinga á milli safna, s.s. aðgangsheimildir starfsmanna og aðrar kerfislegar stillingar.

Þegar bókasöfn eru saman í undirkerfi þá er ekki hægt að tryggja með öllu að persónugreinanlegar upplýsingar sjáist ekki á milli einstakra safna innan undirkerfis. Markmiðið er þó að högun kerfisins takmarki flæði persónugreinanlegra upplýsinga á milli safna.

**Stjórnunareiningar munu leggjast af** en bókasöfnunum verður skipað í þessi þrjú undirkerfi í þeim tilgangi að vernda persónuupplýsingar og einfalda kerfisstjórnun.

### Fyrirhuguð undirkerfi eru:

- Grunnskólabókasöfn
- Almenningsbóka- og samsteypusöfn
- Háskóla-, framhaldsskóla- og sérfræðisöfn



### Grunnskólabókasöfn

Þessi hópur safna hefur einfaldar og samræmdar kerfisstillingar en það sem skiptir mestu máli er að það eru hvorki sektir né aðrar greiðslur í þessum safnahópi.

### Almenningsbókasöfn

Þessi safnahópur er mjög fjölbreyttur hvað varðar allar stillingar. Á almenningsbókasöfnum eru ýmiss konar gjöld. Hvert safn er með eigin gjaldskrá varðandi sektir og önnur gjöld eins og t.d. árgjald. Notendur í þessum safnahópi skarast mikið við aðra safnahópa. Nemendur og starfsfólk á öllum skólastigum geta líka verið lánþegar í almenningsbókasafni.

Mikið samstarf er á milli almenningsbókasafnanna. Sem dæmi getur lánþegi í einu almenningsbókasafni fengið þjónustu í öllum samstarfssöfnum viðkomandi bókasafns. Á höfuðborgarsvæðinu eru tveir samstarfshópar, annars vegar Reykjavík, Mosfellsbær og Seltjarnarnes og hins vegar Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður. Að sama skapi er víða mikið samstarf á milli nágrannasveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins. Náíð samstarf á milli almenningsbókasafnanna næst eingöngu með því að skipa þeim saman í undirkerfi. Í þessum safnahópi eru einnig samsteypusöfn sem þjóna bæði grunnskólum og almenningi.

### **Háskóla-, framhaldsskóla- og sérfræðisöfn**

Lánþegar háskólanna eru fyrst og fremst nemendur, kennarar og starfsfólk þeirra. Vissulega eru sumir nemendur eða kennarar í fleiri en einum háskóla en það er undantekning. Árið 2017 voru í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni aðeins 158 einstaklingar sem voru virkir lánþegar þar og tilheyrðu einnig öðrum háskólum. Sviðað gildir um framhaldsskólana. Eðli sérfræðibókasafna er að þau eru með fáa virka lánþega og lítil útlán.

### **Af hverju ekki fleiri undirkerfi?**

Fleiri undirkerfi takmarka möguleika safna á samstarfi og sameiningu. Bókasöfn sem eru hvert í sínu undirkerfi geta ekki sameinast nema með ærnum tilkostnaði og mikilli vinnu. Sem dæmi má nefna að Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands sameinuðust árið 2008. Sökum kostnaðar eru söfn þeirra enn í dag hvort í sinni stjórnunareiningu sem takmarkar verulega samstarf þessara tveggja safna sem tilheyra sömu stofnuninni.

### **Samantekt**

Það er trú okkar hjá Landskerfi bókasafna að þrjú undirkerfi fyrir mismunandi safnategundir ásamt vörnum innan undirkerfanna tryggja ásættanlegt öryggi persónugreinanlegra upplýsinga innan bókasafnskerfisins. Slíkt fyrirkomulag tryggir jafnframt eðlilega þróun bókasafnanna varðandi samstarf og sameiningar.